




TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI



ALMENNT:

Deiliskipulagsvæðið er um 3,6 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir allt að koma fyrir allt að 400 tonnum árlega til landmótunar og frágangs á fyrstum urðunarstað. Svæðið er í Vatneyrarhlíðum landi Vesturbýggðar.

FORSENDUR:

Svæðið er fyrrum urðunarvæði og er að hluta til mikið raskað og gróðursumt. Umhverfis svæðið er hinsvegar talsverður gróður einkum gras, mosi og lynggróður. Staðurinn er staðsettur í aukleilu úr tveimur mismunandi jarðlögum sem eru mislek. Þar sem gamla urðunarvæðið eru löglin leikari en þar sem brotajrnsgeymslan var staðsett eru jarðlöglin þéttari. Urðun hefur átt sér stað á svæðinu en er nú hætt starfsleyfis en leyfið rann út 18. desember 2012. Vesturbýggð er að sækja um leyfi til efnislosunar á svæðinu til. Sótt verður um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir að nota óvirkan úrgang s.s. múrbrot eða gleri til landmótunar og frágangs á svæðinu.

Annað sorp er flokkað og flutt í burtu. Sorphirða í Vesturbýggð er annars þannig háttáð við öll heimili eru 240 l. sorptunnur sem eru losaðar á 14 daga fresti. Söfnun endurvinnsluefnis fer fram á gámauvöllum á Patreksfirði, Bíldudal og einnig Tálknafirði þar sem íbúum er gert kleift að flokka það sem til fellur. Allt heimilisorp er flutt í burtu og er urað á Fílholti í Borgarfirði.

MARKMÍÐ:

Markmið deiliskipulagsins er að ganga frá svæðinu í Vatneyrarhlíð og nota í það óvirkan úrgang, þ.e. úrgangur sem breytist ekki verulega í f-, efn- eða eðlisfræðilega og hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. múrbrot, gler og uppokstur og jarðveg af svæðinu til að gera svæðið öruggara en það er í dag og að nota efnið til að ganga frá svæðinu í áföngum, fegra og bæta stöðugleika.

LÝSING Á FRAMKVÆMDUM:

Notaður verður allt að 400 tonn af óvirkum úrgangi á ári til 16 ára til frágangs og landmótunar á svæðinu. Landmótun verður þannig háttáð að því verður komið fyrir fyrir í flóa neðan við núverandi urðunarstað. Það er gert til að tryggja stöðugleika svæðisins en núverandi flái þykir of brattur en hann er með 60-70% halla. Fyllt verður frá vesturs til austurs í flóa og plantað og sáð í jafnóðum. Markmiðið er að ná minni halla en með þessari aðgerð verður fláinn með 50-60% halla. Ofan flóa verður óvirkur úrgangur nýttur til að ganga frá svæðinu. Austan við verður einnig notaður óvirkur úrgangur til að jafna landið og einnig verður geymdur þar jarðvegur sem til fellur sem hula fyrir úrganginn. Gerður verður vegur í fláanum til að koma fyrir efni sem verður fjarlægður jafnóðum og gengið verður frá svæðinu. Eftir timur verður notað til landmótunar, þá skal vinna það á fullnægjandi hátt t.a.m. með kurlun.

ADKOMA:

Aðkoma að urðunarvæðinu er frá Úrðarbraut en þaðan eru um 550 m.

FORNLEIFAR:

Engar fornminjar eru á svæðinu en gerð var athugun á fornminjum í tengslum við umhverfismat á endurvinnslu og förgun úrgangs á Patreksfirði árið 2000.

GIRÐING:

Gert er ráð fyrir girðingu umhverfis löðina að hluta, allt að 3 m hárrí.

FRÁGANGUR:

Sveitarfélagið mun eftir lokun hafa lögðnaða viðhalds- og eftirlitsskyldu með svæðinu. Frágangur á yfirborði verður gerður í áföngum. Gert er ráð fyrir að landinu sé skilað í sem líkustu ástandi og áður en urðun hófst, þ.e. lagað að aðliggjandi landi, en samráð verður haft um það við skipulagsyfirlönd og landeiganda. Ekki er gert ráð fyrir að landmótun nái upp fyrir núverandi yfirborð lands og breytist svipmót þess því eini lítið og kostur er. Leitast skal við að nota staðargróður til uppgræðslu á svæðinu. Gert er ráð fyrir að efni sem til fellur til urðunar verði notað til að tryggja flóa betur og ganga frá efra svæði og móta landið betur að því eins og það var áður en urðun hófst.

Framkvæmdin fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum en gerð er stuttlega grein fyrir umhverfisáhrifum.

UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif, sem fyrirbyggja deiliskipulag er helst talin geta haft í för með sér, eru eftirtalin:

-Landslag og sjónræn áhrif

Sérstaða/fágætt landslags út frá vísibendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildið skv. náttúruminjaskrá.

-Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafli í III.hluta þar sem fjallað er um vernd viðernis.

Urðun hefur farið fram á þessum stað í allan tíma. Landslag er því raskað mjög á því svæði innan deiliskipulagsmarkanna og áhrif því jákvæð þar sem gengið verður frá svæðinu og lagað sem mest að landinu og það ræktað upp að nýju og leitast skal við að nota staðargróður þar sem því verður við komið. Með aðgerðunum mun ásynnd svæðisins bættast til muna.

Íbúar og önnur landnotkun

Skipulagslög nr. 123/2010

Aðalskipulag Vesturbýggðar 2006-2018

Óveruleg áhrif á íbúa á svæðinu hvað viðkomur heilsu og öryggi en óveruleg mengun mun berast frá svæðinu nema við flutning á efni til svæðisins. Jákvæð hagræn áhrif þar sem umfram efni sem fellur til frá svæðinu mun nýtast í framkvæmdir.

TENGLS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR:

Aðalskipulag

Gildandi aðalskipulag Vesturbýggðar fyrir 2006-2018 gerir ekki ráð fyrir efnislosunarstað. Unnið er að breytingu á aðalskipulagi sem verður auglýst samhliða deiliskipulaginu en þar verður greint frá efnislosunarvæðinu.

Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats aðalskipulagsbreytingarinnar og þar komu fram allar forsendur við gerð þessa deiliskipulags. Ekki var því unnin skipulagslýsing fyrir deiliskipulagið. Tilgata að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu var kynnt umsnarnaröðum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti og gafst þeim sex vikur til að kynna sér deiliskipulagið og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum áður en deiliskipulagið er samþykkt. Deiliskipulagstillaga og umhverfisskýrsla verður send Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Umhverfisstofnun til umsagnar.

Vöktun

Þar sem um gamlan urðunarstað er að ræða þá er gert ráð fyrir vöktun svæðisins. Fullnægjandi aðstaða til sjánotku og mælinga eftir því sem við á í yfirborðsvatni, grunnvatni, frárennsli og sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Sveitarfélagið skal hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða um staðsetningu og útfærslu sjánotkuaðstöðu. Rekstraráðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Niðurstaða mengunarmælinga skal senda Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar þær liggja fyrir.

Afgreiðsla eftir auglýsingu

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Fornleifavernd, Umhverfisstofnun og Vegagerðin fengu deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu til umsagnar. Fornleifaverndin gerðu engar athugasemdir við tillöguna. Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir við það að afmarka byrfti það svæði sem notað er og hindra þannig óviðkomandi aðgang að svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið benti einnig á að afhrennsivatn frá geymslusvæði fyrir brotajrni ætti að leiða í gegnum oðluskiju. Umhverfisstofnun benti á tilkynningarskyldu framkvæmdarinnar, fjarlægðarmörk frá íbúðarbyggð, að vöktun á stöðugleikamat. Einnig benti hún á að ekki sé sýnd girðing á uppdrætti eins og gert er í texta að skýra mætti betur hvað gert verður við sigvatn og heimilisúrgang og ítarlegri umfjöllun um stöðugleika, botnþéttingu, jarðfræði og tegund úrgangs. Einnig að nýttur verði staðargróður við uppgræðslu. Brugðist var við umsögnum umsnarnaðila og eftirfarandi breytt í tillögunni. Sýnd er girðing á uppdrætti umhverfis svæðið til að hindra aðgang til samræmis við athugasemd Heilbrigðiseftirlitsins og UST. Ekki er talin vera þörf á oðluskiju fyrir geymslusvæði fyrir brotajrni þar sem búið er að hreinsa svæðið. Bætt var við umfjöllun um staðargróður til uppgræðslu, jarðfræðiaðstaður og botnþéttingu í greinargerð. Bætt var við í umfjöllun um hvað gert sé við heimilisorp og hvað flokkast undir óvirkan úrgangur sem uraður verður á svæðinu.

Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar sem bárust við deiliskipulag fyrir samvarandi svæði var óskað eftir fundi með Umhverfisstofnun. Fundurinn fór fram 21. mars 2013. Niðurstaða fundarinnar var sú að skilgreina svæðið sem efnislosunarvæði í stað urðunarvæðis þar sem verið er að nýta óvirkan úrgang til að ganga frá svæðinu og bæta stöðugleika hans. Svæðið fær því skilgreiningu sem efnislosunarvæði í aðalskipulagi. Sótt verður því um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir efnislosunarvæði. Greinargerð deiliskipulagsins var því breytt til samræmis við nýja landnotkun. Umhverfisskýrsla helst óbreytt.



BREYTT AÐALSKIPULAG VESTURBYGGÐAR 2006-2018 MEÐ EFNISLOSUNARSVÆÐI Í VATNEYRARHLÍÐUM

- SKÝRINGAR**
- DEILISKIPULAGSMÖRK
 - LÓÐAMÖRK
 - BYGGINGARREITUR
 - AFMÖRKUN EFNISLOSUNARSVÆÐIS
 - GIRÐING
 - VEGUR
 - ÓVIRKUR ÚRGANGUR
 - GRÓÐUR (TIL SKÝRINGAR)
 - SNIÐLÍNA

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann 15/4 2013 og í sveitarstjórn þann 17/4 2013.

Tillagan var auglýst frá 1/1 2013 með athugasemdafreستی til 26/2 2013.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20_.